

Umhverfisnefndarfundur

3. fundur 10. desember 2025 kl. 12.50

Mættir: Díana, Sigurður Fannar (til vara), Ásmundur, Jón Þór (varamaður), Filip, Arnþór, Magnús Ingi, Helgi, Þóra, Valgarður, Verónika, Hrafn Sölvi, Helena, Sigga Lára og Þórdís sem ritar fundargerð.

Fundargerð:

- Hvernig gengur umhverfisnefndinni að kynna umhverfismálin fyrir samnemendum sínum. Unglingar mjög duglegir, miðstig vantar að fá tíma, yngsta gerir í samstarfi við kennara.
- Matarvigtun. Farið yfir niðurstöður matarvigtunar síðastliðinna ára. Niðurstöður haustsins eru að við náðum betri árangri en í síðustu vigtun og því verða verðlaun í formi eftirréttar fyrir alla.
- Jól í skókassa, 12 kassar fóru frá skólanum, vel gert. Við náðum að safna frekar jafnri aldursbreidd og kynjaskiptingu þetta árið.
- Nægjusamur nóvember - umræður um hvað nemendur gerðu. Flókið hugtak.
- Framundan, varðeldur, fóðra fugla - umræður og hugmyndir um hvernig hægt er að fara að því að fóðra fugla án þess að laða að mikið af öðrum dýrum. Hægt að bræða tólg og nota fræ með til að hengja upp í tré eða smíða fuglastand. Helena tekur að sér að skoða málið.
- Ætluðum að gera nýtt plakat og undirskriftarskjal fyrir umhverfismarkmið skólans. Helena skoðar.
- Þemavikan - allir sammála um að vel hafi tekist til og vikan gengið vel. Unglingar hefðu viljað hafa lengri tíma í verkefnavinnuna.

Fundi slitið 13.20

Þórdís